

REGLUGERÐ

um Siglingamálastofnun ríkisins, skipulag, starfshætti og verkefni.

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skiptist í eftirfarandi aðalsvið og deildir:

Stjórnslusvið:

Fjármáladeild

Samskiptadeild

Upplýsinga- og fræðsludeild

Eftirlitssvið:

Tæknideild

Skoðunardeild

2. gr.

Siglingamálastjóri annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnun í samræmi við lög, reglur og önnur fyrirmæli.

3. gr.

Skipting verkefna milli aðalsviða og milli deilda innan hvers aðalsviðs skal vera í samræmi við skipurit Siglingamálastofnunar sem ráðherra staðfestir hverju sinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Siglingamálastofnun ríkisins nr. 20/1986, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Siglingamálastofnun ríkisins, skipulag, starfshætti og verkefni nr. 184/1987.

Samgönguráðuneytið, 28. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta
með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994.

1. gr.


Grein 1.3 orðist svo:

- 1.3 Við endurnýjun aðalvélar í bátum sem hafin var smíði á fyrir gildistöku þessara reglna skal eftirgreindum búnaði breytt til samræmis við ákvæði reglnanna:
- loftrásur til vélarúms
 - lokum við eldsneytisgeyma

- sjó- og austurlögnum
- útblásturslögnum
- viðvörun um vatn í vélarúmi
- föstum slökkvibúnaði

2. gr.

Í stað myndar með grein 4.2 í kafla V-11 um rafbúnað vinnubáta komi eftirfarandi mynd:



3. gr.

Ákvæði um staðsetningu rafmótora á mynd 11.2 í kafla V-11 um rafbúnað vinnubáta, breytast á þann veg að rafmótora má setja í lest og eldhús, enda sé þéttleiki þeirra ekki minni en skv. IP 56 í lest og minnst skv. IP 22 í eldhúsi.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 149, 14. mars 1995,
um friðun hrygningarporsks á vetrarvertíð 1995.**

1. gr.

Í stað: „hrognkelsaveiðar“ í 2. gr. reglugerðarinnar komi: grásleppuveiðar.